

2. Vogir:		
Vogarþol	5 kg eða minna	kr. 25.00
—	30 kg eða minna	— 40.00
—	100 kg eða minna	— 50.00
—	300 kg eða minna	— 60.00
—	600 kg eða minna	— 70.00
—	yfir 600 kg	— 140.00
3. Kvarðar:		
Lengd	½ m til 1 m	kr. 6.00
4. Mæliker:		
Stærð	½ l eða minna	kr. 7.50
—	1 l til 50 l	— 10.50
Síldarmál	50 l til 150 l	— 80.00
—	300 l eða minna	— 140.00
—	500 l eða minna	— 160.00
Löndunartæki	150 til 300 l hólf	— 250.00
Benzínælar	— 25.00
Rennslismælar	— 35.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast, auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu á hverjum tíma. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925. um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 105 26. ágúst 1958, um sama efni.

Atvinnuáráðuneytið, 1. júní 1964.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

1. júní.

Nr. 99.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 11 des. 1958.

1. gr.

14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknast í heilum krónum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1965, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

B 27